

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar
um breytingu á EES-samningnum sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt
103. gr. samningsins á árunum 2003 og 2004.**

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árunum 2003 og 2004, hafa öðlast gildi á árinu 2006, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 73/2004 og 25/2005.

Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytinu, 29. desember 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES- viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
123/2003	26.9.2003	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 90/313/EBE.)	64. hefti 2003, bls. 29	27.9.2003	1.2.2006
82/2004	8.6.2004	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.)	59. hefti, 2004, bls. 15	9.6.2004	1.2.2006
134/2004	24.9.2004	Breyting á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.)	12. hefti, 2005, bls. 53	25.9.2004	1.2.2006